

## Glymur í Botnsdal

Innst í Hvalfirði er Botnsvogur og inn af honum gengur Botnsdalur. Hann er stuttu, gróðursæll og skjólgóður. Tvö býli eru í dalnum, Litlibotn og Stóribotn. Fyrir botni dalsins gnæfir Hvalfellið (852 m) en eftir honum liðast Botnsáin, tær og sakleysisleg og fellur í voginn. Hún kemur úr Hvalvatni, sem er austan við Hvalfell.

Endur fyrir löngu, er ísaldarjökullinn þakti landið og skriðjökklar hans surfu berggrunninn, myndaðist Hvalfjörðurinn og dalir þeir, sem að honum liggja. Á þeim tímum var eldvirkni landsins ekki minni en nú og mynduðust þá og mótuðust mörg þeirra fjalla, sem við þekkjum svo vel. Jökullinn hafði sorfið Botnsdalurinn lengri en hann er nú, en svo hófst eldgos undir jöklinum. Fjall hlóðst upp í miðjum dal og þegar jökullinn hvarf stóð það eftir. Bak við það var djúp dæld, sem síðar fylltist af vatni. Fjallið heitir Hvalfell, vatnið Hvalvatn og úr því rennur Botnsá. Hún fellur vestur með Hvalvatni að norðanverðu og beygir svo til suðurs. Þar hefur hún grafið djúpt gljúfur í gljúp jarðlögin í hlíðar dalsins. Þessi gljúfur eru ein hin mestu og hrikalegustu í landinu. Þau eru stutt og dýpst, þar sem áin fellur fram af dalbrúninni í einum fossi. Hann heitir Glymur og er um 200 m hár.

Í þetta sinn er ferðinni heitið að fossinum og næsta nágrenni hans.

Við ökum heim undir túnfótinn á Stórabotni. Þar skiljum við bílinn eftir og höldum skáhallt upp brekkurnar fyrir ofan bæinn með stefnu á vesturhorn Hvalfellsins. Þessar brekkur eru kallaðar Glymsbrekkur. Fyrrum var fjölfarin leið um þessar slóðir úr Botnsdal yfir í Skorradal, en hún lagðist af með breyttum samgöngutækjum. Gangan upp brekkurnar sækist vel, enda er leiðin ekki löng. Og skyndilega stöndum við á gljúfurbarminum og horfum niður í þetta dimma, hyldjúpa og hrikalega gljúfur. Í botni þess, rúmlega 200 m neðar, sést glitta í ána eins og mjótt band, en ofar í gljúfrinu liggja lárétt berglögin í gráum, rauðum og brúnum lit. Þau tala sínu máli og veita örlytla innsýn í texta jarðsögunnar.

Ekki er unnt að sjá nema hluta af fossinum af vesturbrún gljúfursins, en af austurbarminum, neðan Hvalfellsins, sést hann allur frá tveimur stöðum. En leiðin þangað er lengri og erfiðari og ekki á færi annarra en þeirra, sem eru lausir við lofthræðslu.

Sú kennd er grípur mann, þegar staðið er á barmi gljúfursins og horft á eftir vatninu steypast fram af bergbrúninni og hverfa í djúpið er ólýsanleg. Er því ekki ólíklegt að:

“Á hinn himinháa Glym,  
hver sem skimar lengi,  
fær í limu sundl og svim  
sem á rimum gengi”

og staðfesti þannig orð Sigvalda skálds, en þessa vísu gerði hann um miðja 19.öld þegar hann stóð á fossbrúninni og horfði ofan í hyldýpið.

Aðaltilgangur þessa ferðalags var að skoða fossinn. Ef nægur tími gefst er áhugavert að ganga upp með ánni inn að Hvalvatni. Enn má lengja gönguna og fara í kring um vatnið. Sú ganga er létt og að mörgu áhugaverð. Þótt vatnið sé ekki stórt að flatarmáli, geymir það mikinn vatnsforða því mesta dýpi þess er 160 m. Norðaustan í Hvalfelli miðju gengur kletthöfði út í vatnið. Í honum er lítill og lélegur hellisskúti. Þar eru sýnilegar minjar um mannvistir því hlaðinn hefur verið grjótbálgur í hellinum og eitthvað hefur fundist af dýrabeinum á gólfinu. Hellirinn nefnist Arnesarhellir og er kenndur við Arnes Pálsson sem uppi var á síðari hluta 18. aldar og var alræmdur þjófur. Er talið að hann hafi dvalið þar um tíma í felum.

Svona í lokin er ekki úr vegi að rifja upp söguna um hvalinn, sem öll þessi örnefni eru kennd við. Hana er að finna í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Í suttu máli er hún á þá leið að maður í álögum varð að hval og lá hann úti fyrir Hvalfirði, grandaði bátum og drekkti skipshöfnunum. Synir prestsins í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd drukknuðu af völdum hvalsins. Presturinn vissi lengra en nef hans náði. Með töfrabrögðum gat hann seitt hvalinn inn fjörðinn, upp Botnsá, upp gljúfrin miklu og inn í vatn. Þar sprakk skepnan. Fannst beinagrind hvalsins þar síðar. Við þennan hval er fjörðurinn, fellið og vatnið kennt.

Þannig getur stutt gönguferð á góðviðrisdegi gefið okkur örlitla innsýn í sögu lands og þjóðar, jafnframt því að veita tækifæri til að líta augum eitt stórkostlegasta náttúrusmíð, sem finnst hér á landi.

(Mbl. 9. ágúst 1981)